

Biðlisti eftir vímuefnameðferð fyrir unglunga horfinn!

Ný lög um fæðingar- og foreldraorlof

88. Alþjóðavinnuumálapingin í Genf

Móttaka flóttamanna

Ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla

Nýtt sambýli í Grindavík

Nefnd um leigumarkað og leiguhúsnæði

Reynsluverkefni á tímamótum

Réttindagæsla fatlaðra

Biðlisti eftir vímuefnameðferð fyrir unglunga horfinn!

Á þessu ári hafa komið til framkvæmda margar af þeim ákvörðunum sem félagsmálaráðherra og ráðuneyti tók á síðasta ári í því skyni að bregðast við vímuefnavanda barna og unglunga. Þrennt stendur þar upp úr:

1. Í febrúar sl. tók til starfa nýtt meðferðarheimili að Jökuldal á Héraði en það veitir sex unglungum sérhæfða meðferð vegna vímuefnaneyslu.
2. Í febrúar sl. tók jafnframt gildi þjónustusamningur Barnaverndarstofu við Götusmiðjuna þess efnis að meðferðarheimilið Árvellir á Kjalarnesi veiti 10 unglungum sérhæfða vímuefnameðferð. Miðast átta rými við níu vikna meðferð en tvö rými fyrir langtímameðferð.
3. Í apríl undirrituðu félagsmála- og heilbrigðisráðherra samning Barnaverndarstofu, Landspítalans og SÁÁ sem gerður var á grundvelli samþykktar ríkisstjórnar frá síðasta ári. Samningurinn markar tímamót í meðferð barna með geðraskanir, hegðunarferðileika og vímuefnavanda.

Mikil uppbygging á sviði meðferðar

Mikil fjölgun rýma í meðferð fyrir börn og unglunga á vegum Barnaverndarstofu hefur orðið á síðustu árum. Í lok árs 1998 hófst starfsemi að Hvítárbakka í Borgarfirði fyrir 6 unglunga. Í byrjun árs 1999 hófst starfsemi að Háholti í Skagafirði en það tók við af meðferðarheimilinu að Bakkaflöt. Síðarnefnda heimilið starfaði aðeins í tíu mánuði á ári en Háholt verður í fullum rekstri allt árið. Vorið 1999 var tekin í notkun ný rekstrareining við Árbót í Aðaldal fyrir fjóra unglunga en hún er staðsett að Bergi í Aðaldal. Þá hefur rýmum á meðferðarheimilinu Varpholti verið fjölgað úr sex í átta en starfsemin mun flytjast í rýmra og betra húsnæði að Laugalandi í Eyjafjarðarsveit í haust. Með hinu nýja heimili í Jökuldal svo og Árvöllum á Kjalarnesi



er fjöldi rýma í langtímameðferð á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu nú orðinn 58. Lætur nærri að fjöldi rýma í langtímameðferð hafi tvöfaldast á síðustu átján mánuðum.

Bætt bráðþjónusta og markvissari meðferð

Samningur Barnaverndarstofu, Landspítalans og SÁÁ felur í sér verulegar umbætur í meðferðarmálum barna. Í fyrsta lagi skuldbinda stofnanirnar sig til þess að eiga náð samstarf á öllum sviðum meðferðar sem væntanlega mun skila sér í skjótari, öruggari og markvissari þjónustu. Í

öðru lagi verður opnuð ný bráðadeild á barna- og unglíngageðeild Landspítalans fyrir tvö rými sem bætir úr brýnni þörf. Í þriðja lagi veitir Landspítalinn sérfræðiþjónustu barnageðlæknis og hjúkrunarfræðings á Stuðlum og jafnframt ráðgjöf annarra meðferðarheimila á vegum Barnaverndarstofu. Þá veitir Landspítalinn jafnframt þjónustu geðlæknis á hinn nýju unglíngadeild SÁÁ. Loks veitir Landspítalinn Barnaverndarstofu og SÁÁ bakvaktarþjónustu sérfræðings allan sólarhringinn alla daga vikunnar. Samningurinn tók gildi 1. júní og kostar þessi nýja þjónusta ríflega 40 milljónir króna.

Ný bráðamóttaka á Stuðlum

Bráðþjónusta við unglínga verður enn bætt með ákvörðun ráðuneytisins um nýja bráðamóttöku á Stuðlum. Í henni felst að byggð verður ný álma fyrir móttökudeild, rýmum vegna bráðamóttöku fjölga og mögulegt verður að auka gegnumstreymi í meðferðardeild þannig að afköst hennar aukast stórlega. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki fyrir lok þessa árs.

Afnám barnavinnu í sinni verstu mynd

Í lok maí sl. fullgilti Ísland samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO) nr. 182 um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd sem var afgreidd á 87. Alþjóðavinnuálagþinginu í Genf í júní 1999. Samþykktinni er ætlað að koma til fyllingar samþykkt ILO nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu sem fullgilt var af Íslands hálfu árið 1999.

Í samþykkt nr. 182 á hugtakið „barnvinna í sinni verstu mynd“ við um hvers konar þrælkun eða framkvæmd sem jafna má til þrælkunar, notkun barna til vændis, til framleiðslu á klámi eða til klámsýninga, notkun barna til ólöglegra athafna, einkum til framleiðslu og verslun með ávana- og fíkniefni og störf sem eru líkleg til að skaða heilsu, öryggi eða siðferði barna.

Aðildarríki samþykktarinnar skulu framkvæma aðgerðaráætlanir til að uppræta barnavinnu í sinni verstu mynd. Þau skulu einnig gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt, þar á meðal með viðurlögum. Lögð er áhersla á mikil-



vægi menntunar við að uppræta barnavinnu. Þá mælir samþykktin fyrir um aukna alþjóðlega samvinnu og aðstoð á þessu sviði.

Þann 15. júní 2000 höfðu 25 aðildarríkja ILO fullgilt samþykkt nr. 182 og var Ísland á meðal 14 af 175 aðildarríkjum ILO sem höfðu fullgilt allar átta grundvallarsamþykktir stofnunarinnar. En þær eru: nr. 29

um nauðungar- og skylduvinnu, nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess, nr. 98 um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, nr. 105 um afnám nauðungarvinnu, nr. 111 er varðar misrétti með tilliti til atvinnu eða starfa, nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu auk samþykktar nr. 182.

Réttindagæsla fatlaðra

í tengslum við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga

Með lögum nr. 161/1996 var ákveðið að færa málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Skyldi það gert á þann hátt að málefni fatlaðra yrðu eðlilegur þáttur í félagsþjónustu sveitarfélaga. Það kallaði á ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem tækju til þeirrar þjónustu sem nú er veitt samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Félagsmálaráðherra hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar er lögð áhersla á skyldur sveitarfélags til að þjóna öllum íbúum sínum án tillits til þess af hvaða ástæðum fólk þarfnast aðstoðar.

Þrátt fyrir samþættingu laga um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga eru nokkur verkefni á sviði málefna fatlaðra þess efnis að þau verða áfram á vegum ríkisins. Eitt af þeim er réttindagæsla fatlaðra. Verður nú gerð nánari grein fyrir henni.

Þar er lögð áhersla á að um leið og málefni fatlaðra færast frá ríki til sveitarfélaga og verða samofin annarri félagsþjónustu sveitarfélaga sé brýnt að taka sérstaklega á réttindagæslu þessa hóps. Það hlutverk á að vera í höndum ríkisins sem er best fallið til að hafa eftirlit með framkvæmd félagsþjónustu hjá sveitarfélögum.

Í samræmi við framangreint sjónarmið hefur verið lagt fyrir Alþingi sérstakt frumvarp til laga um réttindagæslu fatlaðra. Er það eitt af fleiri fylgifrumvörpum frumvarps til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Réttindagæslumaður fatlaðra

Lagt er til að réttindagæslan verði með þeim hætti að annars vegar verði skipaður réttindagæslumaður fyrir landið allt og hins vegar trúnaðarmenn í kjördæmum landsins.

Sameiginleg verkefni beggja er að fylgjast með að fötluðum sé veitt lögbundin þjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og jafnframt á hvern hátt sú þjónusta er veitt. Einnig að fylgjast með því að fötluðum sé veitt lögbundin þjónusta samkvæmt öðrum lögum sem tengjast á einn eða annan hátt félagsþjónustu, svo sem lög varðandi heilbrigðismál, almannatryggingar, skólamál og atvinnumál. Það sem aftur á móti skilur að verkefni réttindagæslumanns og trúnaðarmanna er að réttindagæslumaður vinnur almennt að málefnum en trúnaðarmenn að einstökum málum. Verður nú gerð stuttlega grein fyrir helstu verkefnum hvors um sig.

Réttindagæslumaður fatlaðra skal hafa frumkvæði að því að fylgjast með því að fatlaðir njóti þeirrar þjónustu sem þeir eiga rétt á, hann samræmir vinnubrögð trúnaðarmanna og hefur eftirlit með því að þeir ræki skyldur sínar. Verkefnið gerir miklar kröfur til réttindagæslumanns og þarf hann að búa yfir góðri menntun og hafa víðtæka þekkingu og yfirsýn yfir réttindi og þarfir fatlaðra. Til að sinna þessu verkefni verður komið á sérstakri skrifstofu sem þjónar landinu öllu.

Trúnaðarmenn

Trúnaðarmenn eru, eins og nafnið bendir til, þeir aðilar sem hinir fötluðu geta snúið sér til. Telji fatlaður einstaklingur að hann njóti ekki þeirrar þjónustu sem hann á rétt á eða sé hann óánægður með á hvern hátt þjónustan er veitt, t.d. heimaþjónusta eða liðveisla getur hann leitað til trúnaðarmanns sem skal kanna mál tafarlaust. Rík áhersla er lögð á að trúnaðarmaður vinni í samvinnu við skjólstæðing sinn eða talsmann hans.

Að lokum skal tekið fram að réttindagæsla fatlaðra er ekki ný af nálinni heldur var hún lögfest í fyrsta sinn með lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Sú réttindagæsla sem hér er lögð til er þó víðtækari og öflugri en sú sem við búum við nú. Verði frumvarpið að lögum er óhætt að segja að réttindagæslu fatlaðra sé í komið í traust horf.

Lagt er til að fyrirkomulagið verði endurskoðað að fjórum árum liðnum og þá metið hvort áfram sé talin þörf á þessari sérstöku þjónustu við fatlaða.

Ný stjórn Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna

Þann 1. júní síðastliðinn skipaði félagsmálaráðherra nýja stjórn Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, eftirtaldir voru skipaðir:

Ingi Valur Jóhannsson,
deildarstjóri félagsmálaráðuneyti,
formaður,
Lára Björnsdóttir,
félagsmálalastjóri, Reykjavík,
Oddur Ólason,
umboðsmaður skuldar, Íslandsbanka,

Jón Emil Magnússon,
forstöðumaður, Búnaðarbanka,
Una Þóra Magnúsdóttir,
lögfræðingur, Íbúðalánasjóð.
Björn Arnar Magnússon,
deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu mun starfa með framkvæmdastjórninni.

88. Alþjóðavinnumálalþingið í Genf

88. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) var haldið í Genf dagana 30. maí til 15. júní sl. Mario Alberto Flamarique vinnumálaráðherra Argentínu var kjörinn forseti þingsins en sérstakur gestur þess var Jorge Fernando Branco de Sampaio, forseti Portúgals.



Á þinginu var umræða um skýrslu forstjóra ILO og formanns stjórnar-nefndar ILO. Í skýrslu forstjóra stofnunarinnar, Juan Somavia, er lögð áhersla á að efnahagsleg og félagsleg þróun verði að haldast í hendur og á aukið mikilvægi Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar á tímum tækni-framfara og hnattvæðingar. Í því sambandi er m.a. bent á mikilvægi samstarfs ILO við aðrar stofnanir svo sem Alþjóðaviðskiptastofnunina, Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Fjölmarginir ráðherrar tóku þátt í umræðunum.

Sérstök umræða var um skýrslu um framkvæmd grundvallarréttinda ILO um félagafrelsi og um réttinn til að gera kjarasamninga, sbr. samþykktir nr. 87 og 98. Þetta er fyrsta skýrslan sem gefin er út með þessu sniði og felur í sér eftirfylgni yfirlýsingar um grundvallarréttindi við atvinnu sem samþykkt var af Alþjóðavinnumálalþinginu árið 1998.

Alvarleg brot á samþykktum ILO

Í nefnd sem fjallar um framkvæmd samþykktar og tilmæla í aðildarríkjunum var m.a. fjallað um samráð við aðila vinnumarkaðarins á grundvelli samþykktar nr. 144 frá 1976 um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Þá var fjallað sérstaklega um alvarleg brot 24 ríkja á samþykktum ILO. Í þremur tilvikum var ríkjum veitt sérstök ábending og þeirra getið í sérstökum hluta skýrslu nefndarinnar. Þetta var gert í málum Kamerún og Venesúela vegna brota á samþykkt

nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess og í máli Súdan vegna brota á samþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu. Samþykkt var ályktun um aðgerðir gegn Myanmmar (Burma) vegna ítrekaðra brota á samþykkt ILO nr. 29 um afnám nauðungarvinnu. Í ályktuninni er mælt fyrir um ýmsar aðgerðir gagnvart ríkinu og tekur hún gildi 30 nóvember nk. hafi það ekki á þeim tíma sýnt fram á úrbætur í löggjöf og framkvæmd.

Samþykkt um mæðravernd

Á þinginu fór fram síðari umræða um endurskoðun samþykktar nr. 103 (1952) um mæðravernd og tilmæla nr. 95 um sama efni. Samþykktin og tilmæli sem fylgja henni voru afgangi af allsherjarþinginu. Um er að ræða nýja samþykkt sem felur í sér margvísleg réttindi mæðra í tengslum við þungun og fæðingu.

Menntun og starfsþróun

Nefnd um menntun og starfsþróun starfsmanna skilaði skýrslu til allsherjarþingsins þar sem m.a. var lagt til að tilmæli ILO nr. 150 frá 1975 um menntun og starfsþróun starfsfólks verði endurskoðuð í samræmi við áherslur nefndarinnar á þessu sviði.

Öryggi og hollusta í landbúnaði

Fyrsta umræða fór fram í sérstakri nefnd um nýja samþykkt um öryggi og hollustu í landbúnaði. Á allsherjarþinginu var samþykkt tillaga nefndarinnar um texta en málið verður til annarrar umræðu á Alþjóðavinnumálalþinginu árið 2000.

Úreltar samþykktir

Á allsherjarþinginu var samþykkt tillaga nefndar um að fella úr gildi nokkrar úreltar samþykktir ILO. Þessar samþykktir eru nr. 31 (1931) um vinnutíma kolanámunanna, nr. 46 (1936) sem er endurskoðuð samþykkt um vinnutíma kolanámunanna, nr. 51. (1936) um fækkun vinnustunda, nr. 61 (1937) um fækkun vinnustunda í vefnaðar-iðnaði og nr. 66 (1939) um vinnu farandverkamanna.

Meðal annarra viðburða á Alþjóðavinnumálalþinginu má geta sérstakra umræðna um alnæmi og vinnu og var Sam Nujoma forseti Namibíu sérstakur gestur við þá umræðu.

Sendinefnd Íslands á Alþjóðavinnumálalþinginu skipuðu að þessu sinni af hálfu félagsmálaráðuneytisins Elín Blöndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Gylfi Kristinsson, ráðgjafi hjá fastanefnd Íslands hjá Evrópusambandinu í Brussel, af hálfu utanríkisráðuneytisins Benedikt Jónsson, sendiherra, og Haukur Ólafsson, fyrsti sendiráðsritari, frá Samtökum Atvinnulífsins Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur, og Jón H. Magnússon, lögfræðingur, og fyrir hönd Alþýðusambands Íslands Ástráður Haraldsson, hæstaréttarlögmaður, Hervar Gunnarsson, fyrsti varaforseti, og Ari Skúlason, framkvæmdastjóri ASÍ.

Nánari upplýsingar um þingið er að finna á heimasíðu Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar, www.ilo.org. Þá er einnig unnt að fá upplýsingar og gögn um þingið í félagsmálaráðuneytinu.

Móttaka flóttamanna

Ríkisstjórn Íslands ákvað að tillögu félagsmálaráðherra að taka á móti flóttamönnum frá fyrrum Júgóslavíu árið 2000 líkt og gert hefur verið síðastliðin fimm ár en fyrsti hópurinn kom til landsins árið 1995. Flóttamannaráð Íslands er ráðherra til ráðuneytis um hvernig standa skuli að móttöku flóttamanna á hvert en við val á flóttamönnum hefur ráðið notið aðstoðar frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) um hvaða hópar skulu koma til landsins í hvert og eitt skipti. Í framhaldi af þessu er auglýst eftir umsóknnum sveitarfélaga og við val á sveitarfélagi eru margir þættir metnir en einna þyngst vega eftirfarandi þættir: staða félagsþjónustu, heilbrigðisþjónusta, atvinnuástand, skólamál og framboð á húsnæði.



Siglufjörður

Þann 6. júní komu hingað til lands 23 flóttamenn frá Krajina héraði í fyrrum Júgóslavíu sem munu eiga búsetu á Siglufirði. Undirbúningur fyrir komu hópsins gekk vel fyrir sig með aðstoð Rauða kross deildarinnar á Siglufirði undir stjórn Halldóru

Jónsdóttur og er deildin sveitarfélaginu innan handar við alla skipulagningu á móttöku hópsins. Bæjarbúar eru mjög jákvæðir og tilbúnir að leggja hönd á plóginn svo vel megi fara. Hafa þeir til dæmis aðstoðað við að gera hýbýli fólksins heimilisleg og úr þeirra hópi er að finna stuðningsfjölskyldur sem munu reyna að auðvelda fólkinu að kynnast því hvernig bæjarlífinu er háttað.

Atvinnuréttindi útlendinga

Alþingi samþykkti í apríl sl. lög nr. 41/2000 um breytingar á lögum nr. 133/1994 um atvinnuréttindi útlendinga þar sem gerðar voru breytingar á ákvæðum 13. og 14. gr. laganna.

Með breytingu á 14. gr. lagana er tekið skýrt fram að þeir sem koma fram á næturklúbbum falla ekki undir undanþágu um listamenn heldur þurfa atvinnuleyfi. Þá er félagsmálaráðherra veitt skýr lagaheimild til að setja reglur sem skilgreina hverjir falli undir undanþágu b-liðar 14. gr. laga um atvinnurétt-

indi útlendinga og geti talist listamenn í skilningi laganna.

Réttur maka Íslendinga

Eftir breytingu á 13. gr. laga nr. 133/1994 eru makar íslenskra ríkisborgara nú með skýrum hætti undanþegnir skilyrðum laganna um atvinnuleyfi, enda hafi þeir fengið dvalarleyfi hér á landi eða afhent skráningaryfirvaldi norrænt flutningsvottorð.

Kennsla og aðlögun

Fjölskyldurnar hafa undanfarið verið að koma sér fyrir í íbúðum sínum, jafnframt því sem þær hafa verið kynntar fyrir nánasta umhverfi sínu ásamt því samfélagi sem þær koma til með að búa í. Íslenskukennslan er þegar hafin sem mun standa yfir næstu mánuði en hún er bæði ætluð fullorðnum og börnum. Er frá líður komunni til landsins mun fólkið smám saman hefja störf við sitt hæfi og er unnið markvisst að því að koma hinu daglega lífi í sem eðlilegast horf.

Nefnd um leigumarkað og leiguhúsnæði



Nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði til að vinna að úttekt á leigumarkaði var ætlað að kanna aðstæður á leigumarkaði og jafnframt meta nauðsyn þess að breyta húsaleigulögum nr. 34/1994. Nefnd þessi hefur lokið störfum og skilað ráðherra tillögum. Jafnframt var nefndinni ætlað að gera tillögu að þriggja ára framkvæmdaáætlun um byggingu leigubúða. Niðurstöður nefndarinnar eru birtar í tveimur skýrslum „Könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði“ og í skýrslunni „Nefnd um leigumarkað og leiguhúsnæði, greinargerð og tillögur“.

Aðstoð hins opinbera breyti um farveg

Megintillaga nefndarinnar er sú að hið opinbera kanni hagkvæmni þess að hverfa frá niðurgreiðslu lána til leigubúða og því að eiga og reka leiguhúsnæði í eigin nafni. Lánskjör til leiguhúsnæðis taki mið af þeim vaxtakjörum sem Íbúðalánasjóði býðst hverju sinni með sölu húsnæðisbréfa. Í stað niðurgreiðslu á rekstrarkostnaði og lánum til leiguhúsnæðis verji hið opinbera sambærilegu fjármagni á ári hverju til hækkunar á húsaleigubótum til að mæta auknum kostnaði leigjenda og

stofnstyrkja sem renni til leigufélaga á vegum sveitarfélaga og til félagsamtaka, einstaklinga og fyrirtækja sem eiga og reka sérhæft leiguhúsnæði, t.d. fyrir námsmenn, aldraða, fatlaða og öryrkja.

Tillögurnar gera ráð fyrir að í stað niðurgreiddra lána verði sambærilegu fjármagni veitt inn í húsaleigubótakerfið til að mæta hærra leigugjaldi í samræmi við vaxtabreytingar. Rannsóknir leiða í ljós að húsaleigubætur duga betur en niðurgreiddir vextir til að ná fram markmiðum um jöfnun húsnæðiskostnaðar auk þess sem aðstoðin nýtist fleirum.

Nauðsynlegt að efla leigumarkað

Á vegum nefndarinnar var gerð viðamikil könnun á leigumarkaði og leigubúðapörf allra sveitarfélaga og félagsamtaka sem starfa á húsnæðismarkaði. Ljóst er af athugun nefndarinnar að veruleg þörf er á að efla leigumarkað á höfuðborgarsvæðinu og að einhverju leyti í stærri þéttbýlissveitarfélögum utan hennar. Nefndin leggur til að ráðist verði í sérstakar tímabundnar aðgerðir til að örva byggingu leiguhúsnæðis á þeim svæðum þar sem veruleg þörf er á leiguhúsnæði.

Í því sambandi er bent á nauðsyn þess að auka lánsheimildir Íbúða-

lánasjóðs vegna leigubúða. Auknir verði lánamöguleikar fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem hyggjast eiga og reka leiguhúsnæði. Einnig að veitt verði tímabundið stofnframlag frá hinu opinbera til ákveðinna aðila sem eru að byggja/kaupa sérhæft leiguhúsnæði á tilteknu tímabili.

Endurskipulagning félagslega íbúðakerfisins

Nefndin telur nauðsynlegt að sveitarfélögum verði auðveldað eins og kostur er að breyta félagslegum eignaríbúðum sem þau innleysa í leigubúðir kjósi þau svo. Til greina kæmi að huga að samskonar aðgerðum í þessu sambandi og nú gilda um niðurfærslu verðs á sölu félagslegra eignaríbúða.

Lagt er til að ráðist verði í sérstakt átak til að aðstoða sveitarfélög á landsbyggðinni til að endurskipuleggja félagslega íbúðakerfið, m.a. með það að markmiði að koma á fót sjálfbærum leigufélögum um reksturinn. Þetta verði gert í samstarfi félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einnig að ráðgjöf og leiðbeiningar til handa sveitarfélögum og félagasamtökum á leigumarkaði verði eflaðar. Bent er á hlutverk félagsmálaráðuneytis í því sambandi sem setur leigufélögum fyrirmyndir og hefur eftirlit með starfsemi þeirra.

Húsaleigulög

Nefndin gerði athugun á nauðsyn þess að endurskoða húsaleigulög en ekki virðist þörf á að gera miklar breytingar á lögnum. Lagt er til að húsaleigulög verði endurskoðuð með það að markmiði að auka öryggi leigjenda og fjölskyldna þeirra á leigumarkaði þar sem íbúðarhúsnæði er leigt út í atvinnuskyni og til þess að auka íbúðalýðræði. Gerð er tillaga um að sérstakt kynningaráttak verði sett í gang til að upplýsa almenning og leigjendur um leigumarkað, réttindi og skyldur aðila á leigumarkaði, húsaleigubótakerfið og skattlagningu leigutekna.

Skýrslur og tillögur nefndarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins:
<http://www.stjr.is/fel>

Málþing um stjórnsýslutilraunir

Verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga hefur gengist fyrir nokkrum málþingum um verkefni reynslusveitarfélaga. Það síðasta var haldið í mars síðastliðinn og fjallaði það um stjórnsýslutilraunir. Þar kynntu fulltrúar Reykjavíkurborgar reynsluverkefnið Miðgarð í Grafarvogi og reynslusveitarfélögin Akureyri og Hornafjarðarbær greindu frá þeim stjórnsýslulegu breytingum sem framkvæmdar hafa verið í tengslum við reynsluverkefnin. Þá voru fluttir almennir fyrirlestrar um málefni stjórnsýslusveitarfélaga.

Mat á árangri verkefna

Verkefnisstjórn hefur lagt á það áherslu að reynslusveitarfélögin meti með þessum hætti verkefni sín og þann árangur sem náðst hefur varðandi einstök verkefni. Einnig telur verkefnisstjórn mikilvægt að sú umfjöllun og mat verði kynnt fyrir öðrum sveitarfélögum þannig að sú reynsla sem hefur verið að skapast komist til skila, hvort sem um jákvæðar eða neikvæðar niðurstöður kann að vera að ræða.

Stefnumörkun til framtíðar

Afar góð þátttaka var á málþinginu um stjórnsýslutilraunir sem að mati



Nokkrir ráðstefnugestir

verkefnisstjórnar sýnir bæði áhuga á reynsluverkefninu en ekki síst að mikil þörf er á slíkri umræðu meðal sveitarstjórnarmanna almennt. Af þeim sökum telur verkefnisstjórnin rétt að vekja athygli þeirra á því að það kann að vera þörf fyrir áframhaldandi umræðu um nýsköpun og þróun á sviði stjórnsýslu sveitarfélaga óháð reynslusveitarfélagaverkefninu. Því er ástæða til þess að hugað verði

að því á næstu misserum í hvaða farveg sú umræða á að fara, ekki síst í ljósi þess að hinu formlega reynsluverkefni mun ljúka í árslok 2001. Verkefnisstjórn hefur ekki lagt fram neinar formlegar tillögur þar að lútandi enda telur hún eðlilegt að sú umræða og stefnumörkun fari fram á vettvangi sveitarfélaganna sjálfra.

Við minnum á heimasíðu okkar www.stjr.is/fel

Fréttabréf þetta er einnig aðgengilegt þar svo og ýmsar aðrar gagnlegar upplýsingar.

Ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla



Frá Akureyri

Upphaflegt frumvarp sem lagt var fram á 123. löggjafarþingi var samið af nefnd undir forystu Sigríðar Lillýar Baldursdóttur skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu. Ritari nefndarinnar var Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir. Frumvarpið náði ekki fram að ganga en umsagna var aflað. Unnið var í félagsmálaráðuneytinu úr umsögnum og athugasemda sem borist höfðu og frumvarp í breyttum búningi lagt fram og afgreitt á síðasta vori.

Lögum er ætlað að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Í því tilliti er þeim ætlað að auka rétt kvenna á þeim sviðum sem á konur hallar og jafnframt að styrkja rétt karla þar sem þeir hafa rýrari rétt. Í lögum er jafnframt lögð áhersla á að jafnréttismál þurfi að vera viðfangsefni beggja kynja, enda hljóta bæði kynin að njóta góðs af auknu jafnrétti í samfélaginu. Er því mikilvægt að ekki sé mismunað á grundvelli kynferðis. Í þessu sambandi er þó mikilvægt að hafa í huga að sérstakt

tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar getur ekki talist mismunun kynjanna.

Jafnréttisstofa á Akureyri

Helstu nýjungar laganna eru meðal annars að sérhvert ráðuneyti skal skipa jafnréttisfulltrúa sem hefur umsjón með jafnréttismálum á mála sviði síns ráðuneytis og að verkefna svið Jafnréttisráðs er afmarkað við jafnréttismál á vinnumarkaði. Skrifstofa jafnréttismála sem samkvæmt núgildandi lögum er skrifstofa Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála er lögð niður en í hennar stað kemur sérstök stofnun, Jafnréttistofa, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið og fær skilgreind verkefni. Nú hefur staðsetning þessarar nýju stofnunar verið ákveðin og verður Jafnréttistofa staðsett á Akureyri.

Jafnréttisáætlanir á vinnustöðum

Samkvæmt hinni nýju löggjöf skulu atvinnurekendur og stéttarfélag vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og er fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn gert að setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og

karla í starfsmannastefnu sinni. Er þar meðal annars kveðið á um að atvinnurekendur skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að starfsmenn geti samræmt fjölskyldu- og atvinnulíf. Þá er kynferðisleg áreitni skilgreind jafnframt því að skilgreindar eru ákveðnar skyldur atvinnurekanda og yfirmanna stofnanna og félagsstarfs til að koma í veg fyrir hana, svo og hvernig staðið skuli að meðferð máls komi slíkt upp á vinnustað.

Kærunefnd jafnréttismála

Samkvæmt lögum skal kærunefnd jafnréttismála starfa áfram með sama hætti og hún gerir samkvæmt áðurgildandi lögum en mun skýrara er kveðið á um með hvaða hætti upplýsingaöflun kærunefndar skal fara fram. Er með þessu verið að tryggja andmælarétt aðila máls sem og að mál verði nægjanlega upplýst áður en kærunefnd jafnréttismála gefur álit sitt í máli. Þá er lagt til að kærunefndin geti óskað eftir frekari gögnum telji hún málið ekki nægjanlega upplýst. Á þetta að koma í veg fyrir að kærunefndin þurfi að vísa málum frá vegna skorts á upplýsingum.

Rannsóknir og markmið

Menntamálaráðherra er í lögum gert að fara með mál er varða menntun eins og verið hefur en auk þess félags- og íþróttastarf. Sérstaklega er kveðið á um rannsóknir í kynjafræðum og er það í fyrsta sinn sem slíkt er gert í lögum. Þá er að finna í lögum sérstakt ákvæði um greiningu tölfræðiupplýsinga eftir kynjum.

Markmið laganna er meðal annars að allir einstaklingar skuli eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði. Til að ná fram þessu markmiði sem og öðrum markmiðum laganna er nauðsynlegt að konum og körlum verði sköpuð jöfn tækifæri til að nýta krafta sína sjálfum sér og samfélaginu til góða.

Reynsluverkefni á tímamótum

Um síðustu áramót áttu sér stað ákveðin þáttaskil á reynslusveitarfélagaverkefninu. Var það ljóst á fyrri hluta árs 1999 þörf væri á að framlengja verkefnið að hluta en það hófst 1994. Ástæðan var einkum sú að samningar um nokkur stór og umfangsmikil reynsluverkefni höfðu tekið lengri tíma en ráð var gert fyrir og fóru því ekki af stað fyrr en liðið var á reynslutímabilið þess vegna lagði félagsmálaráðherra fram frumvarp um framlengingu á hluta verkefnisins.

Fjögur sveitarfélög halda áfram með verkefni fram til ársloka 2001 en það eru Akureyri, Reykjavík, Vestmannaeyjabær og Hornafjarðarbær. Verkefni þessara sveitarfélaga eru eins og áður segir á sviði öldrunar og heilsgæslu, málefna fatlaðra og stjórn-sýslu.

Góð reynsla af verkefnum á sviði byggingarmála

Tvær meginástæður voru hins vegar fyrir því að ekki var talin þörf á að framlengja önnur verkefni reynslusveitarfélaga. Í fyrsta lagi hafði það gerst á tímabilinu að Alþingi hafði samþykkt ný lög sem breyttu í grundvallaratriðum forsendum varðandi nokkur verkefni reynslusveitarfélaga. Það á við um verkefni á sviði húsnæðismála annars vegar og vinnumála hins vegar. Eins og kunnugt er tóku gildi ný lög um húsnæðismál í ársbyrjun 1999 og tóku þau á þeim vandamálum sem reynslusveitarfélögin hugðust leysa með sínum verkefnum á sviði húsnæðismála. Þá breyttust forsendur fyrir tilraunir sveitarfélaga á sviði vinnumála við það að lög um vinnu-markaðsmál tóku gildi um mitt ár 1998 og með þeim fluttust vinnu-miðlanir og vinnu-markaðsmál að öllu leyti til ríkisins.

Í öðru lagi var talin vera komin næg reynsla á framkvæmd sumra verk-

efna reynslusveitarfélaganna en það á sérstaklega við um verkefni á sviði byggingarmála. Flest reynslusveitarfélögin höfðu framkvæmt slíkt verkefni sem gekk í meginatriðum út á það að byggingarfulltrúum voru veittar í sérstakri samþykkt auknar heimildir til afgreiðslu mála á sínu sviði. Það fyrirkomulag reynslusveitarfélaganna leiddi m.a. til þess að afgreiðslumálum fækkaði til muna í byggingarnefndum sem gátu því einbeitt sér að stærri og stefnumarkandi málefnum.

Í ljósi þessarar jákvæðu reynslu lagði verkefnisstjórnin það til við umhverfisráðuneytið að skipulags- og byggingarlögunum yrði breytt á þann veg að öll sveitarfélög gætu tekið upp þetta fyrirkomulag. Alþingi samþykkti síðan fyrir áramótin breytingu á lögunum sem gerir þessa tilhögun almenna. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfisráðuneytinu hefur eitt sveitarfélaga fyrir utan reynslusveitarfélögin þegar tekið upp þetta fyrirkomulag og fleiri stefna að því að taka það upp á næstunni.

Mat á verkefninu

Verkefnisstjórnin áformar á komandi

hausti að halda fund með reynslusveitarfélögum, ráðuneytum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, óháðum úttektaraðila verkefnisins (Price Waterhouse Coopers) og fulltrúum löggjafans þar sem reynslan af verkefninu verður tekin til umræðu. Tilgangurinn með þeim fundi er þrjúþættur.

- Í fyrsta að varpa ljósi á framvindu verkefnisins í heild sinni og ræða niðurstöðu varðandi einstök verkefni.
- Í öðru lagi að svara því hvaða breytingar þarf að gera á löggjöf-inni til þess að verkefni reynslusveitarfélaga, sem menn telja ástæðu til að gera almenna, geti haldið áfram er verkefninu lýkur í árslok 2001.
- Í þriðja lagi er tilgangurinn með fundinum sá að þessir aðilar ræði almennt um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Að endingu er rétt að hvetja áhuga-sama um að kynna sér nýjustu úttektarskýrslu Price Waterhouse Coopers á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins en slóðin er www.stjr.is/fel.

Ísland fullgildir samþykkt ILO nr. 156 um réttindi starfsfólks með fjölskylduábyrgð

Þann 22. júní sl. var samþykkt nr. 156 fullgilt af Íslands hálfu. Grundvöllur fyrir fullgildingu samþykktarinnar voru ný lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar sem Alþingi samþykkti í maí sl., sbr. grein hér síðar í fréttabréfinu. Helstu skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld takast á hendur með fullgildingu samþykktarinnar eru eftirfarandi:

- Að setja það markmið í stjórnarstefnu sína að gera einstaklingum með fjölskylduábyrgð, sem eru í atvinnu eða óska eftir að gegna launuðu starfi, kleift að framfylgja þeim rétti sínum án þess að verða

fyrir mismunun og að svo miklu leyti sem mögulegt er án árekstra milli atvinnu og fjölskylduábyrgðar (3. gr.).

- Að gera allar mögulegar ráðstafanir til að gera starfsfólki með fjölskylduábyrgð kleift að nýta rétt sinn til frjáls vals atvinnu og jafnframt að taka tillit til þarfa þeirra varðandi starfskjör, vinnuskilyrði og félagslegt öryggi (4. gr.).
- Að gera ráðstafanir til þess að tekið sé tillit til þarfa starfsfólks með fjölskylduábyrgð á sveitarstjórnarstigi. Í þessu sambandi er sérstaklega bent á barnagæslu og fjölskylduástoð (5. gr.).

Hlutfall kynja í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum félagsmálaráðuneytis á fyrstu mánuðum ársins

Í upphafi þessa árs var aflað upplýsinga um fjölda kvenna og karla í opinberum nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum ráðuneyta. Var miðað við þær nefndir sem voru starfandi um síðastliðin áramót. Þar kom fram að hlutur kvenna í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum félagsmálaráðuneytisins var 37% og hefur hlutfall kvenna aukist um 14,5% á síðastliðnum 10 árum.

Hátt hlutfall kvenna

Í tilefni af fyrirspurn á Alþingi tók félagsmálaráðuneytið saman upplýsingar um hlutfall kvenna og karla í nefndum, stjórnnum og ráðum eftir tilnefningaraðilum. Þar kom meðal annars fram að hlutfall kvenna hjá þeim hagsmunaaðilum er tilnefna í nefndir, stjórnir og ráð á vegum fé-

lagsmálaráðuneytis er tiltölulega hátt eða um 36% í samanburði við þá aðila er tilnefna í nefndir, stjórnir og ráð annarra ráðuneyta.

42% konur

Einnig kom fram að ráðherra skipa án tilnefningar um 20% þeirra sem sitja í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneytanna en það er misjafnt milli ráðuneyta hversu hátt hlutfall nefndaraðila ráðherra skipar. Þegar litið er á heildina hafa þeir skipað alls 289 konur án tilnefninga en það er tæp 29% þeirra er þeir skipa sjálfir. Félagsmálaráðherra hefur verið hvað ötulastur ráðherranna við að skipa konur í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ráðuneytis síns en tæp 42% þeirra er félagsmálaráðherra hefur skipað án tilnefninga eru konur. Næstur á eftir er umhverfisráðherra en 41% þeirra sem eru í

tilnefningarhópi hans eru konur.

Jafnmargar konur og karlar í stjórnir, nefndir og ráð

Þegar tilnefningar ráðuneytanna eru skoðaðar í heild kemur í ljós að ráðuneytin tilnefna sjálf um 20% þeirra sem sitja í stjórnnum, nefndum og ráðum á eigin vegum. Ráðuneytin tilnefna hins vegar einungis um tæp 6% þeirra sem sitja í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum annarra ráðuneyta. Þegar litið er heildstætt á tilnefningar ráðuneyta í eigin nefndir, stjórnir og ráð kemur í ljós að ráðuneytin tilnefna konur í um 24% tilvika en það er misjafnt milli ráðuneyta hversu hátt hlutfall nefndarmanna þau tilnefna sjálf. Þar á meðal hefur félagsmálaráðuneytið tilnefnt jafn margar konur og karla í stjórnir, nefndir og ráð á eigin vegum.

Hópuppsagnir

Ný lög um hópuppsagnir voru afgangi á síðasta þingi. Helstu breytingar sem felast í lögum nr. 63/2000 frá eldri lögum um hópuppsagnir eru eftirfarandi:

1. Ákvæði laga um hópuppsagnir eru nú bundin viðurlögum þannig að brot atvinnurekanda á skyldum sínum hvað varðar samráð og upplýsingagjöf vegna áformaðra hópuppsagna geta leitt til skaðabótaskyldu hans gagnvart starfsmönnum auk þess sem mælt er fyrir um að brot gegn lögum geti varðað sektum sem renni í ríkissjóð.
2. Kveðið er á um heimild fulltrúa

starfsmanna til að kveðja til sérfræðinga sér til aðstoðar á meðan á samráði samkvæmt lögnum stendur.

3. Lög nr. 95/1992 tóku ekki til starfsmanna sem misstu vinnu sína þegar starfsemi fyrirtækis stöðvaðist vegna dómsúrskurðar en lög nr. 63/2000 taka að meginefni til einnig til slíkra tilvika.
4. Í lögum nr. 95/1992 var kveðið á um að atvinnurekandi skyldi tilkynna stjórn vinnumiðlunar um áformaðar hópuppsagnir. Samkvæmt lögum nr. 13/1997 um vinnumarkaðsaðgerðir hafa svokölluð svæðisráð tekið við hlutverki stjórnar vinnumiðlunar. Nýju

lögini taka mið af þessum breytingum.

5. Lögum er nú skipt upp í fimm kafla en lög nr. 95/1992 voru ekki kaflaskipt. Með því að skipa saman ákvæðum sem samstöðu eiga undir sérstök kaflaheiti er stefnt að betri skilningi á réttindum og skyldum sem gilda eiga í samskiptum atvinnurekanda og fulltrúa starfsmanna annars vegar og á milli atvinnurekanda og svæðisvinnumiðlana hins vegar að því er snertir framkvæmd laganna.

Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar

Í maí sl. samþykkti Alþingi að frumkvæði félagsmálaráðherra ný lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna nr. 27/2000.

Í lögunum segir orðrétt:

Óheimilt er að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber.

Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmanns gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmönnum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar.

Lögin eru byggð á efnisákvæði samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 156 um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Samþykktin var afgreidd af 67. Alþjóðavinnumálaþinginu í Genf árið 1981. Samtímis voru afgreidd tilmæli nr. 165 sem bera sama nafn og samþykktin og fela í sér nánari útfærslu á efni hennar. Lögunum er ætlað að skapa grundvöll fyrir fullgildingu samþykktarinnar af Íslands hálfu. Samþykkt ILO nr. 156 var fullgilt af Íslands hálfu þann 22. júní sl.

Skilgreining fjölskylduábyrgðar

Samkvæmt lögunum er atvinnurekanda er óheimilt að segja starfsmanni upp vegna sjónarmiða sem eingöngu varða fjölskylduábyrgð hans. Til að um fjölskylduábyrgð starfsmanns geti verið að ræða verða þrjú megin-skilyrði að vera fyrir hendi. Í fyrsta lagi verður að vera um að ræða skyldur gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmönnum starfsmannsins sjálfs. Í öðru lagi þarf viðkomandi að búa á heimili starfsmannsins og loks er þriðja skilyrðið að viðkomandi þarfnist umönnunar starfsmannsins sjálfs eða forsjár, svo sem vegna veikinda, fötlunar eða sambærilegra aðstæðna. Allir þessir þrjú þættir þurfa að vera fyrir hendi til að starfsmaður

teljist bera fjölskylduábyrgð gagnvart viðkomandi einstaklingi í skilningi frumvarpsins og byggist ákvæðið því á þröngri skilgreiningu hugtaksins. Lögin sem slík tryggja starfsmönnum ekki greiðslur ef þeir þurfa að vera

frá vinnu vegna fjölskylduábyrgðar. Um kaup og kjör gilda samningar á almennum vinnumarkaði og um laun í fjarveru frá starfi fer eftir kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins.

Nýtt sambýli í Grindavík



Við undirritun f.v. Einar Njálsson, Páll Pétursson og Þór Þórarinnsson

Þann 6. júlí síðastliðinn var skrifað undir samning á milli Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi og Grindavíkurbæjar um fyrirkomulag byggingar og reksturs á sambýli og leiguíbúðum. Íbúarnir verða sex á heimilinu, þrír á sambýli og þrír í leiguíbúðum. Á þeim hluta heimilisins sem starfrækt verður sambýli mun Svæðisskrifstofan standa straum af öllum launakostnaði starfsmanna. Jafnframt greiðir ríkissjóður fæðisfé starfsmanna sem rennur í heimilssjóð sambýlisins. Á þeim hluta heimilisins þar sem 3 leiguíbúðir verða veitir Svæðisskrifstofan íbúum þar frekari liðveislu samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um málefni fatlaðra og ákvæðum reglna félagsmálaráðuneytisins frá 1994 þar að lútandi.

Fyrirhuguð sambýli

Bygging þessa sambýlis er liður í því

að mæta þeirri miklu þörf sem er úrræðum fyrir fatlaða einstaklinga á suðvestur horni landsins. Ákvörðun hefur verið tekin um byggingar nokkurra sambýla. Þau eru við Jöklael, Sólheima 21 b, Hólmasund og Barðastaði í Reykjavík, Blikaás og Smárahvamm í Hafnarfirði. Þá hefur verið keypt hús undir sambýli í Garðabæ.

Mikill árangur

Árið 1995 voru íbúar á sambýlum 335. Í dag eru þeir 414. Árið 1995 voru í sjálfstæðri búsetu með liðveislu 226 en eru í dag 307. Kostnaður við málaflökk fatlaðra hefur vaxið um 83% síðan 1995. Enn er þörf fyrir aukin úrræði fyrir búsetu og þjónustu á Höfuðborgarsvæðinu en þörfinni hefur verið að mestu mætt á landsbyggðinni.

Ný lög um fæðingar- og foreldraorlof

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir meðal annars um jafnréttismál:

„Jöfn tækifæri karla og kvenna verði tryggð í hvívetna svo sem með lengingu fæðingarorlofs og jöfnu réttar mæðra og feðra til töku þess.“ Félagsmálaráðherra fól nefnd undir forystu Berglindar Ásgeirsdóttur, ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu, að samþætta foreldraorlof og fæðingarorlof. Í nefndinni voru fulltrúar félags-, heilbrigðis- og fjármálaráðuneytis. Ritari nefndarinnar var Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu. Frumvarp sem nefnd þessi skilaði af sér fól í sér grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi fæðingarorlofs, bæði hvað varðar fjármögnun, tímabil fæðingarorlofs, sveigjanleika í töku þess og vernd móður á meðgöngu. Frumvarp þetta varð að lögum nú í vor.

Lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, veita konum og körlum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjú mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur milli foreldra en tilgangur þess er meðal annars að hvetja karla til að gegna skyldum sínum gagnvart börnum sínum og fjölskyldulífi til jafns við konur. Á sama tíma er konum gert auðveldara að vera virkir þátttakendur á vinnumarkaði og báðum foreldrum gert kleift að samræma þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í starfi og einkalífi. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér.

18 mánaða sveigjanleiki

Gert er ráð fyrir verulegum sveigjan-

leika í töku fæðingarorlofs. Þannig eiga foreldrar þess kost að taka fæðingarorlof í einu lagi en kjósi foreldrar heldur að taka það á fleiri tímabilum eða í hlutastarfi er það heimilt að fengnu samþykki vinnuveitanda. Þó má aldrei taka fæðingarorlof skemur en viku í senn. Geti vinnuveitandi ekki fallist á óskir starfsmanns skulu þeir reyna að ná samkomulagi um aðra tilhögun. Takist það ekki á starfsmaður jafnan rétt á að taka fæðingarorlof sitt í einu lagi. Réttur til fæðingarorlofs fellur sjálfkrafa niður er barnið nær 18 mánaða aldri.

Réttur forsjárlausa

Meginreglan er að réttur foreldris sé bundinn við að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar taka fæðingarorlofs hefst, sbr. þó 6. mgr. 8. gr. laganna. Vakin er athygli á því að maki eða sambúðarmaki kynforeldris á ekki rétt á fæðingarorlofi samkvæmt lögnum heldur er eingöngu átt við kynforeldra þegar um fæðingu er að ræða, ættleiðanda eða fósturforeldri. Forsjárlaust foreldri á rétt til fæðingarorlofs, enda liggja fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof stendur yfir. Leiðir slíkt samþykki af inntaki forsjár.

80% heildarlauna

Breytingar eru gerðar á greiðslufyrirkomulagi til foreldra á vinnumarkaði þar sem mánaðarleg greiðsla í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna eða reiknaðs endurgjalds. Skal miða við tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir fæðingarmánuð barns. Lagt er til að greiðsla í fæðingarorlofi foreldris sem er í 25–49% starfi verði aldrei lægri en 54.021 kr. og að greiðsla til foreldris í 50–100% starfi verði aldrei vera lægri en sem nemur 74.867 kr. á mánuði. Gert er að skilyrði að for-

eldri hafi verið samfellt í sex mánuði á vinnumarkaði á innlendum vinnumarkaði fyrir upphafsdag fæðingarorlofs.

Öryggi og heilbrigði á vinnustað

Sérstakt ákvæði er um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum. Ef sýnt þykir að öryggi og heilbrigði þung- aðrar konu, konu sem hefur nýlega alið barn eða konu sem er með barn á brjósti er í hættu samkvæmt sérstöku mati skal vinnuveitandi gera ráðstafanir til að tryggja öryggi konunnar á þann hátt sem nauðsynlegt þykir. Enn fremur er lagt til að þung- aðri konu verði tryggður réttur til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði í leyfi frá störfum sökum þess að breytingum á vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma hennar verði ekki við komið vegna tæknilegra eða annarra gilda ástæðna.

Foreldraorlof

Lagt er til að foreldri á vinnumarkaði skuli eiga rétt til 13 vikna foreldraorlofs til að annast barn sitt. Réttur til foreldraorlofs er nýmæli hér á landi. Um er að ræða sjálfstæðan rétt hvors foreldris og er hann ekki framseljanlegur. Orlofið skal tekið áður en barnið nær átta ára aldri. Þá er starfsmanni heimilt að taka foreldraorlofið í einu lagi eða haga því með öðrum hætti með samkomulagi við vinnuveitanda.

Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins

11. árg. 1. tbl. júlí 2000

Ábyrgðarmaður: Berglind Ásgeirsdóttir
Ritstjóri: Birkir J. Jónsson
Prentvinnsla: Prenttækni
Útg. félagsmálaráðuneytið,
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu,
101 Reykjavík
Netfang: birkir.jonsson@fel.stjr.is